



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24

IS-108 Reykjavík, Iceland

© (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 3. júní 2008

Tilvísun: UST20080300149/ksj

Hornsteinar arkitektar ehf
Ragnhildur Skarphéðinsdóttir
Ingólfsstræti 5,5.hæð
101 Reykjavík

Aðalskipulag Þingeyjarsveitar drög. Kaflar 2.1.7 og 3.1.4

Borist hefur erindi frá Hornsteinar arkitektar ehf þar sem óskað er eftir að Umhverfisstofnun lesi yfir hluta af drögum að aðalskipulagi Þingeyjarsveitar, þ.e. kafla 2.1.7 Náttúruverndarsvæði sem er á bls. 37 í drögunum, og kafla 3.1.4 Náttúruverndarsvæði sem er á bls. 86.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi ábendingar og athugasemdir við ofangreinda kafla:

Kafli 2.1.7

Í kafla 2.1.7 er talinn upp fjöldi verndaðra svæða og svæða á náttúruminjaskrá. Í sambandi við svæði á Náttúruminjaskrá má til leiðbeiningar geta þess, að það er afar skýrt að hafa númer svæðanna í skránni innan sviga við nöfnin samanber:

1. Flatey á Skjálfanda, Hálsahreppi, S-Þingeyjarsýslu (540)

Í ofangreindri upptalningu er þremur svæðum slegið saman í lið númer 2, en í náttúruminjaskrá hafa þessi svæði hvert sitt númer. Þingey og nálægar eyjar eru á svæði númer 522, Ljósavatn og umhverfi eru númer 520 í náttúruminjaskránni og Goðafoss og gljúfrið neðan hans eru númer 521.

Einnig má geta þess til leiðbeiningar að afar upplýsandi er þegar fjallað er um svæði sem eru á náttúruverndaráætlun að hafa meðfylgjandi textann sem geymir rökstuðning fyrir vali svæðisins. Sá sem les aðalskipulagsgreinargerðina fær þannig gleggri mynd af gildi svæðisins sem náttúruminjar.

Í kafla þar sem farið er yfir friðlýst svæði, kemur fram að Laxá og Mývatn eru vernduð samkvæmt lögum nr. 97/2004. Markmið laganna er að stuðla að náttúruvernd í samræmi við sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að einnig komi fram gildissvið laganna: „Ákvæði laganna taka til Mývatns og Laxár með eyjum, hölmum og kvíslum, allt að ósi árinna við Skjálfandaflóa, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Mývatni öllu og Laxá báðum megin.“

Kafli 3.1.4

Í kafla 3.1.4 er fjallað um það að stefna sveitarfélagsins sé að vernda sérstök náttúruyrirbæri

og svæði sem eru talin hafa sérstakt verndargildi samkvæmt 3. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Hér er vafalaust átt við 37. gr. viðkomandi laga. Umhverfisstofnun tekur undir þau markmið sem koma í framhaldinu, en bendir á að í greinargerð með aðalskipulagstillögunni vantar úttekt yfir jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta skulu verndar skv. 37. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Jafnframt vekur stofnunin athygli á að þegar ekki liggur fyrir úttekt á þeim jarðmyndunum og vistkerfum sem njóta sérstakrar verndar skv. 37 gr. fyrrgreindra laga verður að setja þann fyrirvara í aðalskipulagi að leita skuli umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdir þegar hætta er á að slíkum jarðmyndunum og vistkerfum verði raskað, þrátt fyrir að aðalskipulagið sé samþykkt eftir gildistöku laganna og umsögn skv. 33. gr. laga um náttúruvernd liggja fyrir.

Í kafla þar sem fjallað er um svæði sem njóta hverfisverndar samkvæmt skipulagstillögunni, er í upptalningu í lið 2 talin upp Þingey, Ljósavatn og Goðafoss. Þarna á að standa Ljósavatn. Í upptalningu yfir svæði sem tillaga er um að hljóti hverfisvernd er þess getið í sviga ef svæðin eru á náttúruminjasrá, en þar mætti einnig geta númera viðkomanda svæða í skránni.

Stefnumörkun um efnistöku

Umhverfisstofnun lætur hér fylgja kafla um námur og meðhöndlun þeirra sem stofnuninni þykir mikilvægt að koma á framfæri:

Umhverfisstofnun vekur athygli á að leyfi Matvælastofnunar (áður Landbúnaðarstofnun) þarf fyrir efnistöku sem getur haft áhrif á lífríki veiðivatna, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði en þar segir: „*Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Landbúnaðarstofnunar.*“

Þá veita heilbrigðisnefndir starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna, sbr. reglugerð nr. 785/1999, m.s.br., um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun vekur sérstaka athygli á ákvæði IV til bráðabirgða í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Samkvæmt ákvæðinu er eftir 1. júlí 2008 efnistaka óheimil, nema að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar, á þeim svæðum þar sem efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga var hafin fyrir 1. júlí 1999 og eitt eða fleiri af eftirfarandi atriðum eiga við um efnistöku:

- áætluð er stækkun efnistökusvæðis um 25.000 m² eða meira,
- áætluð efnistaka eftir 1. júlí 2008 er 50.000 m³ eða meiri,
- áætluð er samanlögð stækkun tveggja eða fleiri efnistökuastaða vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði um 25.000 m² eða meira,

d. efnistakan fer fram á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, eða á svæði sem fyrirhugað er að verði friðlýst samkvæmt náttúruverndaráætlun sem samþykkt hefur verið á Alþingi.

Ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, skulu gilda um efnistöku.

Þá skal samkvæmt framangreindu bráðabirgðaákvæði eftir 1. júlí 2012 afla framkvæmdaleyfis fyrir allri efnistöku á svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999 í samræmi við ákvæði VI. kafla um náttúruvernd.


Umhverfisstofnun vill einnig minna á að í 47. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 sem ber nafnið „*Heimild til efnistöku*“ kveður á um framkvæmdaleyfisskyldu efnistöku og þar segir: „*Öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Þar sem ekki liggur fyrir samþykkt aðalskipulag sem Umhverfisstofnun og viðkomandi*

náttúruverndarnefnd hefur gefið umsögn sína um, sbr. 33. gr. er óheimilt að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir en að fenginni umsögn framangreindra aðila. Enn fremur gilda um efnistöku á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga ákvæði laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.” Þetta þýðir að þegar aðalskipulag hefur tekið gildi er það alfarið í höndum sveitastjórna að halda utan um efnisnámur meðan þær eru innan þeirra stærðarmarka sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 (viðauki 2) þ.e. “Efnisnámur á landi eða úr hafsbotni þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m² svæði eða stærra eða er 50.000 m³ eða meiri.”

Mikilvægt er að sveitastjórnir vinni náðið eftir 48. grein laga um náttúruvernd nr. 44/1999 en þar kemur fram að áður en leyfi er veitt til náms jarðefna skv. 47. grein laga um náttúruvernd skal liggja fyrir áætlun námurétthafa um væntanlega efnistöku þar sem m.a. skal gera grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði. Einnig er mikilvægt að námur sem merktar eru á skipulagsupprátt endurspegli efnispörf vegna framkvæmda innan sveitarfélagsins á skipulagstímabilinu og að frágangur efnistökusvæða að loknum vinnslutíma sé þannig að sem best falli að umhverfi og í samræmi við 49. gr. laga um náttúruvernd. Eiganda eða umráðamanni eignarlands er heimil minni háttar efnistaka til eigin nota án framkvæmdaleyfis viðkomandi sveitarstjórnar skv. 47. gr. 4 mgr. laga um náttúruvernd. Umhverfisstofnun telur ekki sjálfgefið að slík náma til eigin nota eigi erindi inn á skipulagsupprátt.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í stefnumörkun um efnistöku í aðalskipulagi verði tekin mið af framangreindum ábendingum.

Virðingarfyllt



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur



Hjalti J. Guðmundsson
Sviðsstjóri